

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202404-300/A.B.
10.04.02

Efni: Umsögn um framkvæmdarleyfi - Lagning háspennustrengs innan fólkvangs - Böggvisstaðafjalli

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggða er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdarleyfi vegna lagningar háspennustrengs innan fólkvangsins í Böggvisstaðafjalli.

Í erindinu kemur fram að RARIK ohf. sækir hér með um framkvæmdaleyfi vegna vinnu við að plægja tvo háspennustrengi frá aðveitustöð í landi Hrísa norður fyrir Dalvíkurbæ. Annar strengurinn 12kV er með viðkomu í spennistöð S-056 við Lynghóla og fer þaðan að spennistöð S058 við Sæplast. Hinn jarðstrengurinn er 33kV strengur sem fer upp að línuenda Dalvíkurlínu, þar sem loftlína tengist við núverandi jarðstreng milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar og leggst þá af núverandi loftlína. Einnig segir að lokið var við að leggja annan strenginn frá aðveitustöð Hrísum norður yfir Svarfaðardalsá 2019 og þarf því bara að fara með einn streng frá aðveitustöðinni að Hrísum norður yfir ána í friðlandinu og verður sá strengur plægður samhliða strengjum sem lagðir voru 2019.

Leyfi

Umhverfisstofnun bendir á að í 7. gr. auglýsingar fyrir fólkvanginn segir að allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Hér er Umhverfisstofnun einungis að veita umsögn varðandi verkefnið.

Því þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarinnar.

Skipulag

Auk þess segir í 7. gr. auglýsingarinnar að framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar. Umhverfisstofnun bendir á að það þarf að skoða hvort framkvæmdin sé í samræmi við deiliskipulagið fyrir fólkvanginn.

Umhverfisáhrif

Að mati Umhverfisstofnunar getur plægning í laus jarðlög haft óveruleg áhrif á verndargildi svæðisins ef góður frágangur verður á framkvæmdinni.

Á strengleiðinni eru votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vatn

Óljóst er hvort að strengurinn sé plægður í á eða vatn, en ef svo er þarf framkvæmdin að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar,

orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ríkey Kjartansdóttir

sérfræðingur